

Sveitarstjórn Langesbyggðar samþykkti á fundi sínum 29. ágúst 2026 að ráða Jón Hróa Finnsson í starf sveitarstjóra Langesbyggðar og hafnarstjóra sveitarfélagsins frá og með 1. september 2026 og til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnar.

Í framhaldi gera Langesbyggð, kt. 420369-1749, og Jón Hrói Finnsson, kt. 090772-5389, með sér svofelldan ráðningarsamning:

Ráðningarsamningur

1. gr.

Starfsheiti og gildistími

Jón Hrói Finnsson er ráðinn sveitarstjóri Langesbyggðar og hafnarstjóri sveitarfélagsins frá og með 1. september 2026 til loka yfirstandandi kjörtímabils sveitarstjórnarfulltrúa. Samningurinn er tímabundinn og lýkur án uppsagnar þann 27. maí 2030.

Ráðningarsamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á gildistíma samningsins samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2. gr.

Ábyrgðar- og starfssvið

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins og skal sjá um að stjórnýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum sveitarstjórnar. Hann er æðsti yfirmaður annars starfslíðs sveitarfélagsins og hefur umsjón með daglegri starfsemi sveitarfélagsins og ber ábyrgð á stjórn og rekstri þess.

Sveitarstjóra er falið að annast þau störf sem honum eru falin samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktum um stjórn og fundarsköp Langesbyggðar ásamt þeim breytingum sem á þeim kunna að verða.

3. gr.

Laun og vinnutími

Föst heildarlaun sveitarstjóra á mánuði skulu vera 1.850.000 kr. frá og með 1. september 2026. Laun þessi eru fyrir alla vinnu sveitarstjóra á dagvinnutíma, auk nauðsynlegra aukastarfa utan hefðbundins dagvinnutíma, ferðalaga eða sérstakra verkefna. Ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu. Laun skulu greidd eftirá, síðasta virka dag hvers mánaðar.

Launin skulu taka breytingum samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Þórshafnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem einnig skal gilda um önnur starfskjör og réttindi en þau sem kveðið er á um í samningi þessum, s.s. um veikindarétt.

Sveitarfélagið greiðir lögbundið mótframlag í þann lífeyrissjóð sem sveitarstjóri velur, og hið sama gildir um framlag í viðbótarlífeyrissparnað samkvæmt gildandi reglum.

Sveitarstjóri skal að jafnaði hafa fasta viðveru á skrifstofu sveitarfélagsins á opnunartíma nema fundir og önnur verkefni á vegum sveitarfélagsins hamli. Sveitarstjóra er þó heimilt að



sinna störfum í fjarvinnu að höfðu samráði við oddvita. Sveitarstjóri skal skrá vinnutíma sinn í tímaskráningarkerfi sveitarfélagsins.

4.gr.

Orlof

Orlof sveitarstjóra skal vera 30 dagar á hverju almanaksári. Sveitarstjóri skal taka að lágmarki 14 daga samfellt orlof á sumarleyfistíma og skal tryggja að staðgengill hans sé tiltækur þann tíma. Ekki er heimilt að færa orlof á milli orlofstímabila og ber sveitarstjóri sjálfur ábyrgð á að haga sínum störfum þannig að töku orlofs sé lokið fyrir 1. maí ár hvert. Sveitarstjóri skal ákveða orlofstíma m.t.t. hagsmuna sveitarfélagsins og skulu orlofsdagar teknir í samráði við oddvita sveitarfélagsins.

5. gr.

Aksturs og ferðakostnaður

Fyrir afnot af eigin bifreið í þágu Langanesbyggðar innan sveitarfélagsins er sveitarstjóra greiddur mánaðarlegur akstursstyrkur sem miðast við 670 km á akstursgjaldi ríkisstarfsmanna skv. ákvörðun ferðakostnaðarnefndar, sem við undirritun er 150 kr. Akstursstyrkurinn tekur hækkunum samkvæmt ákvörðunum ferðakostnaðarnefndar.

Vegna ferða utan sveitarfélagsins á vegum þess skal sveitarstjóri nýta hagkvæmasta ferðamáta hverju sinni. Kjósi sveitarstjóri að nýta eigin bifreið til ferðalaga sem hagkvæmara væri að fara með flugi og/eða á bílaleigubíl en að greiða akstursgjald, skulu akstursgreiðslur miðast við kostnað við þann ferðamáta sem hagkvæmastur er.

Langanesbyggð greiðir allan annan ferðakostnað og uppihald sveitarstjóra á ferðalögum á vegum sveitarfélagsins gegn framlögðum reikningum.

6. gr.

Húsnæði og flutningsstyrkur

Sveitarfélagið leggur sveitarstjóra til húsnæði til afnota. Leigufjárhæð skal vera 3,5% af skráðu fasteignamati viðkomandi fasteignar og skal greidd mánaðarlega fyrirfram. Sveitarfélagið sendir kröfu í banka fyrir húsaleigu. Gerður skal sérstakur samningur um húsaleigu.

Sveitarstjóri greiðir sjálfur kostnað vegna hita og rafmagns.

Við starfslok skal sveitarstjóri skila húsnæðinu svo fljótt sem verða má, en þó eigi síðar en einum mánuði eftir að starfstíma lýkur, sbr. nánar í 1. gr. og 7 gr. samnings þessa.

Langanesbyggð greiðir sveitarstjóra flutningsstyrk að fjárhæð kr. 200.000 við undirritun samnings þessa.



7. gr.
Búnaður

Langanesbyggð leggur sveitarstjóra til tölvu og farsíma til afnota í starfi og greiðir af hvoru tveggja allan kostnað.

8 .gr.
Starfslok og biðlaun

Ráðningarsamningur þessi er tímabundinn og gildir til loka yfirstandandi kjörtímabils. Að ráðningartíma loknum öðlast sveitarstjóri rétt til þriggja mánaða biðlauna. Með biðlaunum er átt við föst mánaðarlaun sveitarstjóra án hlunninda. Orlof og önnur starfstengd réttindi ávinnast ekki á biðlaunatíma.

Sveitarstjóri skal vera nýrri sveitarstjórn og stjórnendum sveitarfélagsins innan handar um upplýsingar sem varða störf hans fyrir sveitarfélagið á biðlaunatímanum.

7 .gr.
Uppsögn

Ráðningarsamningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila á gildistíma samningsins. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

Ef sveitarstjóri segir upp störfum að eigin frumkvæði er uppsagnarfrestur tveir mánuðir og lýkur ráðningarsambandi að þeim loknum.

Ef sveitarstjóra er sagt upp störfum fyrir lok kjörtímabils, skal hann halda umsömdum launum og starfskjörum í þrjá mánuði, auk biðlauna skv. 7. gr. í hlutfalli við ráðningartíma.

8. gr.
Önnur ákvæði

Sveitarstjóri skal helga sveitarfélaginu starfskrafta sína. Sveitarstjóra er þannig óheimilt að taka að sér önnur störf, hvort sem þau eru launuð eða ólaunuð, eða vera þátttakandi í annarri starfsemi á meðan hann gegnir störfum sveitarstjóra, nema að höfðu samráði við og með leyfi sveitarstjórnar.

Verði um slíka aukastörf að ræða af hálfu sveitarstjóra, með samþykki sveitarstjórnar, þarf ávallt að tryggja að slík verkefni stangist ekki á við störf hans fyrir sveitarfélagið.

Sveitarstjóri er bundinn trúnaði um málefni sveitarfélagsins og einstaklinga sem hann fær vitneskju um í starfi sínu, bæði meðan ráðningarsamband varir og eftir að því lýkur samkvæmt lögum.



9.gr.

Aðrar skyldur

Mánuði áður en ráðningartími rennur út skal sveitarstjóri leggja fyrir sveitarstjórn heildstætt yfirlit yfir öll fjárfestingarverkefni, verk í vinnslu og aðrar skuldbindingar sem eru í vinnslu á vegum sveitarfélagsins. Skal slíkt vera liður í að undirbúa nýja sveitarstjórn og nýjan framkvæmdastjóra að taka við rekstri sveitarfélagsins.

Sveitarstjóri skal við starfslok afhenda sveitarfélaginu öll gögn sem starfinu tilheyrir og hann hefur undir höndum. Öll tölvugögn og skjöl sem sveitarstjóri vinnur fyrir sveitarfélagið eru eign þess og afsalar hann sér öllum höfundar- eða eignarrétti á slíkum gögnum með samningi þessum.

Þá skal sveitarstjóri jafnframt hafa forgöngu um að tryggja að staðgengill sveitarstjóra sé upplýstur um öll verkefni sem eru í vinnslu ásamt því að vera til staðar fyrir nýja sveitarstjórn þegar hún tekur við og/eða nýr sveitarstjóri ráðinn.

10.gr.

Ágreiningur og lagaskil

Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

11. gr.

Önnur ákvæði

Breytingar á samningi þessum skulu vera skriflegar og samþykktar af aðilum samnings.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Þórshöfn, 28. ágúst 2026

F.h. sveitarstjórn Langanesbyggðar


Jóhann Hafberg Jónasson, oddviti


Jón Hrói Finnsson